



„Láttu drauminn rætast“ – Þorgrímur Þráinsson heimsækir 10. bekkina í Árborg  
Þorgrímur Þráinsson hefur verið að heimsækja 10. bekkina á Íslandi og flytja fyrirlestur sem hann kallar "Láttu drauminn rætast". Fyrirlesturinn er fyrst og fremst hvatning til nemenda um að bera ábyrgð á eigin lífi og hafa hugrekki til að fylgja hjartanu. Þorgrímur segir nokkrar sögur því til stuðnings og sýndi líka myndbönd í lok fyrirlestrarins. Þennan fyrirlestur flytur Þorgrímur nemendum út um allt land, en Bónus og Hagkaup styrkja verkefnið, þannig að fyrirlesturinn er nemendum og skólum að kostnaðarlausu. Þorgrímur er þegar búinn að heimsækja 10. bekkina á Eyrarbakka. Hann fer í Sunnulækjarskóla mánudaginn 7. apríl og í Vallaskóla 23. apríl.



### Hvað ef? skemmtifræðsla

Allir unglingar í 8. – 10. bekk í grunnskólum Árborgar fara á leiksýninguna *Hvað ef?* í stóra salnum í Þjóðleikhúsinu 29. apríl næstkomandi. Leikritið verður sýnt og svo verður klukkutíma forvarnardagskrá í framhaldinu. Hvað ef? - skemmtifræðsla er leiksýning sem notast við leik, söng, ljóð og tónlist til fræðslu. Þar er á mjög nýstárlegan og



skemmtilegan hátt farið yfir kaldar staðreyndir varðandi neyslu vímuefna, einelti, sjálfsmorð og fleira. Markmiðið er að sýna unglingum fram á að þeir hafi val og að sakleysislegar fljótferar ákvarðanir geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Nánari upplýsingar á vefsíðunni: <http://www.540floors.com/hvadeff/>

### Áherslur í forvarnarmálum fyrir næsta starfsár – ábendingar frá þér!

Nú er vinna að forvarnardagskrá fyrir næsta vetur í fullum gangi. Að vinnunni koma margir aðilar, fulltrúar skóla, foreldra, lögreglu, félagsþjónustu, íþróttafélaga, heilsugæslu, félagsmiðstöðvar og menningarmála ásamt forvarnarfulltrúanum sjálfum. Góðum hugmyndum er samt ávallt vel tekið og því viljum við endilega fá ábendingar frá þér. Sendu þína hugmynd eða ábendingu í vefpósti á [gunnars@arborg.is](mailto:gunnars@arborg.is) og hjálpaðu okkur að stuðla að betri forvörnum.



### Útivistartíminn breytist



Þann 1. maí næstkomandi breytist útivistartími barna og unglunga. Frá þeim tíma mega 12 ára börn og yngri vera úti til klukkan 22.00. 13 til 16 ára unglingar mega vera úti til klukkan 24.00. Börn mega ekki vera á almannafæri utan fyrrgreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum fyrir síðartalda hópinn þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

